

Ár 1980, þriðjudaginn 16. september, var í málinu nr. 10/1980 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :


Málavextir eru þeir, að Kristilegt stúdentafélag er eigandi íbúðar á þriðju hæð að Freyjugötu 27 í Reykjavík. Félagið telur fasteign þessa undanþegna fasteignagjöldum samkvæmt 5. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga. Eru sjónarmið félagsins nánar rökstudd í bréfi til Yfirfasteignamatsnefndar frá 27. mars 1980.


Borgaryfirvöld í Reykjavík telja umrædda fasteign eigi vera undanþegna fasteignaskatti, eins og nánar kemur fram í greinargerð, sem var send Yfirfasteignamatsnefnd með bréfi, dags. 2. júlí s.l..

Ákvæði 5. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga og 6. gr. reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt eru undantekningarákvæði, sem skýra verður þröngt. Til félagsheimila í skilningi nefndra ákvæða verða þannig aðeins talin samkomuhús, er hafa verið reist og hlotið viðurkenningu með þeim hætti, sem ráð er fyrir gert í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 107/1970 um félagsheimili, sbr. áður 2. og 3. gr. laga nr. 77/1947 ásamt síðari breytingum. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, fullnægir umrædd fasteign ekki þessu skilyrði. Ekki verður heldur séð, að önnur undanþáguákvæði 5. gr. laga nr. 8/1972 eigi við fasteignina. Er kæranda samkvæmt þessu skylt að svara fasteignaskatti af henni.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð:

Kristilegu stúdentafélagi er skylt að svara fasteignaskatti af ofangreindri eign.

  
Pétur Stefánsson.

  
Haukur Hafstað.

  
Torfi Ásgeirsson.